

**Efni: Ásvellir, Haukasvæði. Greinagerð skipulagsfulltrúa v\_athugasemda v\_br.dsk.**

Skipulags og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 10.9.2019 að auglýsa deiliskipulagstillögu er sýnir breytingar innan íþróttasvæði Hauka við Ásvelli, í samræmi við 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði tillögunni til afgreiðslu bæjarstjórnar. Bæjarstjórn samþykki afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 18.9.2019 með 9 greiddum atkvæðum. Tillagan var auglýst tímabilið 11.11.-23.12.2019. Ein sameiginleg athugasemd barst frá nokkrum íbúum.



Afmörkun friðlýsingarsvæðis við Ástjörn.

Í bréfi sem barst embættinu dags. 14. desember 2019 kemur fram að mikið hafi verið barist til að ná fram þeirri friðlýsingu tjarnarinnar sem nú hvílir á henni og umhverfi hennar. Mikilvægi Ástjarnar sem griðastað fyrir fuglalíf, gróður og fólk. Bent er á að hingað til hafi verið teknar skipulagslegar ákvarðanir þar sem tillit hafi verið tekið til þessara þátta. Hins vegar sé griðlandinu nú stefnt í hættu með fyrirhuguðum framkvæmdum um nýtt knatthús á þeim stað sem nú er lagt til, í norðurhluta lóðarinnar.



## HAFNARFJÖRÐUR

Í sama bréfi er varpað fram þremur spurningum sem óskað er svara við frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

1. *Hvaða brýna nauðsyn bar til að breyta skipulaginu og færa knatthúsið að tjörninni*
2. *þarf ekki risastór framkvæmd eins og þessi alveg við friðlýst svæði eða jafnvel innan þess að vera háð samþykki Umhverfisstofnunar.*
3. *Hvílir ekki sú skylda á bæjarstjórn að kynna íbúum vel meiriháttar skipulagsbreytingar og gefa þeim jafnvel tækifæri til að greiða um þær atkvæði.*

Færsla fyrirhugaðs knatthúss innan lóðarinnar er ákvörðun sveitastjórnar að höfðu samráði við íþróttafélag Hauka. Bæjarráð Hafnarfjarðar skipaði þann 30. ágúst 2018 starfshóp um uppbyggingu á Ásvöllum þar sem megin verkefni hans var að fjalla um gerð og hönnun ásamt staðsetningu knatthússins.

Þegar farið er í framkvæmdir er snúa að íþróttamannvirkjum þá eru þær ávallt mats skyldar.

Leitað hefur verið umsagnar Umhverfisstofnunar og einnig hefur embættið verið í samskiptum við stofnunina þar sem vissulega þurfti að endurskoða auglýstan uppdrátt m.t.t. lóðarmarka íþróttafélagsins og friðlandsins. Sá uppdráttur hefur verið leiðréttur og gerir nú lóðarmörkum greinilega skil. Staðsetning nýs knatthúss er innan lóðarmarka íþróttasvæðisins en friðland Ástjarnar nær alveg upp að þeim. Sjálf knatthúsið liggur 7m frá lóðarmörkum þar sem húsið liggur næst lóðarmörkum og fjærst er útveggur 20m frá lóðarmörkum. Gert er ráð fyrir að spyrnuveggir hússins nái að lóðarmörkum.

Uppfærðir uppdrættir voru sendir Umhverfisstofnun til umsagnar og liggur nú fyrir með bréfi dags. 3. febrúar 2020, er tekur til aðal- og deiliskipulagsbreytingarinnar við Ásvelli. Jafnframt liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar frá 18. júlí 2019 vegna lýsingar aðalskipulagsbreytingarinnar.

Í bréfi stofnunarinnar frá því í febrúar kemur fram að framkvæmdaraðili skuli hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir B flokk framkvæmda en framkvæmdin fellur undir lið 10.03 og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar hvort fyrirhugaðar framkvæmdir við Ásvelli séu mats skyldar með bréfi dags. 29.01.2020. Í því erindi hafði jafnframt verið brugðist við þeim atriðum sem stofnunin benti á að þyrfti að skerpa á í greinagerðum er varða umhverfisáhrif og markmiðum breytinganna á uppdrætti er sýndi aðalskipulagsbreytinguna.

Haldinn var íbúafundur þann 29. ágúst 2019 þar sem aðalskipulagsbreytingin var kynnt ásamt fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi. Lýsing aðalskipulagsbreytingar var jafnframt aðgengileg á heimasíðu bæjarins frá 21. ágúst 2019. Fundurinn var auglýstur með lögbundnum hætti í blöðum og á heimasíðu bæjarins.

Auglýsingartími deiliskipulagsbreytinga eru 6 vikur. Á þeim tíma er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að kynna sér tillögur enn frekar og gera athugasemdir. Í auglýsingum um slíkar breytingatillögur kemur m.a. fram að umhverfis- og skipulagssvið veiti frekari upplýsingar. Stafsmenn sviðsins hafa því einnig tekið á móti þeim sem eftir því óska til að fara frekar yfir tillögur að deiliskipulagsbreytingum eða öðrum þáttum er snúa að skipulagi bæjarins.



## HAFNARFJÖRÐUR

Í ljósi ofangreindra atriða verður brugðist við ábendingum þeirra stofnanna sem veitt hafa umsögn sína og skerp enn frekar á þeim atriðum er snúa að umhverfisáhrifum byggingar knatthússins og hvernig skuli bregðast við þeim með viðeigandi hætti á deiliskipulagsupprætti. Ekki eru um neinar breytingar að ræða er varðar deiliskipulagið heldur er einungis farið fram á að lögð verði enn frekari áhersla á þeim þáttum sem þurfa að liggja fyrir og ráðstöfunum sem gera þarf þegar kemur að uppbyggingu fyrirhugaðs knatthúss við Ásvelli.

Deiliskipulagsupprátturinn verður í kjölfarið afhentur Skipulagsstofnun til yfirferðar ásamt þeim gögnum og athugasemdum sem borist hafa á auglýsingartíma og viðbrögð sveitarfélagsins við þeim.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt